



18. október 2018

Umsögn Tannlæknafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr 112/2008, með síðari breytingum (heilbrigðisþjónusta í hagnaðarskyni), 11. mál.

Tannlæknafélag Íslands lýsir sig andsnúið því að þetta frumvarp verði gert að lögum og leggur til að frumvarpið og allar greinar þess verði dregið til baka.

Tannlæknafélag Íslands er mótfallið því að núgildandi kerfi verði kollvarpað á þennan hátt. Tannlæknaþjónusta á Íslandi hefur alla tíð verið einkarekin. Annað rekstrarform hefur ekki verið í boði hér á landi. Að því sögðu hlýtur öllum að vera ljóst að tannlæknar hafa fjárfest gífurlega í sínum fyrirtækjum í formi húsnæðis og búnaðar. Arðsemi hlýtur að vera augljós krafa hvers aðila sem leggur út í áhættu sem stofnun slíkrar starfsemi hefur í för með sér.

Tannlæknafélag Íslands fullyrðir að þeir tannlæknar sem hafa lagt stund á sérnám erlendis munu ekki þykja það fýsilegur kostur að snúa aftur heim og starfa hér á landi ef frumvarp þetta yrði að lögum. Ísland verður þá einfaldlega ekki samkeppnishæft við önnur lönd fyrir þá einstaklinga.

Spyrja má hvers vegna er þessu frumvarpi að lögum eingöngu beint að aðilum sem veita heilbrigðisþjónustuna en ekki öðrum aðilum sem hafa hag af henni óbeint eins og t.d. innflutningsaðilar, byrgjar, fasteignaleigusalar, vöruflutningafyrirtæki svo eitthvað sé nefnt.

Stjórn Tannlæknafélags Ísland leggur til að öðrum aðferðum verði beitt til að ná fram hagræðingu í ríkisfjármálum. Vel hefur gengið með þá samninga sem Tannlæknafélag Íslands hefur gert við Sjúkratryggingar Íslands varðandi kaup á þjónustu fyrir börn, aldraða og öryrkja. Samstarf við þau fagfélög sem eiga hlut að máli hlýtur alltaf að skila bestum árangri. Tannlæknafélag Ísland lýsir sig reiðubúið að senda fulltrúa til fundar við velferðarnefnd sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Elín Sigurgeirsdóttir
Formaður Tannlæknafélags Íslands